

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**778. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 28. janúar 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Dagskrá:**

1. Viðræður við Þorvald Böðvarsson, rekstrarstjóra Vegagerðar og Ólaf H. Stefánsson, forstöðumann tæknideildar um fyrirkomulag snjómoksturs.
2. Bréf Sigurðar Þórs Ágústssonar.
3. Málefni urðunarsvæðisins að Syðri-Kárastöðum.
4. Ársskýrsla Bóka-og skjalasafns Húnaþings vestra.
5. Bréf Sigurðar O. Bragasonar.
6. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
7. Erindi Rakelar Runólfsdóttur og Jóhannesar Kára Bragasonar.

### **Afgreiðslur:**

1. Þorvaldur Böðvarsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar og Ólafur H. Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar eru mættir til viðræðna við byggðarráð um fyrirkomulag snjómoksturs.
2. Lagt fram bréf Sigurðar Þórs Ágústssonar dags. 15. janúar s.l. um endurgreiðslu Orkustofnunar vegna hitaveitu í dreifbýli. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samræmi við niðurstöðu fundarins. Ragnar S. Helgason vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.
3. Málefni urðunarsvæðisins að Syðri-Kárastöðum. Forstöðumaður tæknideildar skýrði frá fundi sem formaður byggðarráðs, sveitarstjóri, umhverfisstjóri og forstöðumaður tæknideildar áttu með Lúðvík E. Gústafssyni verkefnisstjóra hjá Sambandi ísenskra sveitarfélaga s.l. föstudag.
4. Lögð fram til kynningar ársskýrsla Bóka-og skjalasafns Húnaþings vestra fyrir árið 2012.
5. Lagt fram bréf Sigurðar O. Bragasonar, þar sem hann segir upp starfi sínu við áhaldahús Húnaþings vestra. Byggðarráð þakkar honum fyrir vel unnin störf fyrir Húnaþing vestra.
6. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 23. janúar s.l., þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Hörpu Lindar Vilbergsdóttur f.h. Söluskálans Hörpu ehf. um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sótt er um leyfi til að reka veitingastað í flokki II við Hvammstangabraut 40 á Hvammstanga og gististað í flokki II að Hvammstangabraut 43. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.
7. Erindi Rakelar Runólfsdóttur og Jóhannesar Kára Bragasonar frá fundi byggðarráðs þann 28. nóv. s.l. Lögð fram samantekt fræðslu- og félagsmálastjóra. Byggðarráð samþykkir að hafna erindinu.  
Samþykkt að taka á dagskrá:
8. Lögð fram eftirfarandi tillaga að tekjuviðmiðum ársins 2013 í reglum um afslátt af fasteignaskatti fyrir tekjulága elli-og örorkulífeyrisþega.

**Tekjuviðmiðun:**

**Fyrir einstaklinga:**

- a) Með heildartekjur allt að kr. 2.700.000 fær 100% afslátt
- b) Með tekjur umfram kr. 3.700.000 enginn afsláttur

**Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:**

- a) Með heildartekjur allt að kr. 3.700.000 fær 100% afslátt
- b) Með heildartekjur umfram kr. 5.000.000 enginn afsláttur.

Ef tekjur eru skv. framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu.

- 9. Byggðasaga Stranda, lögð fram drög að uppgjöri skulda við Sparisjóð Strandamanna. Byggðarráð samþykkir að vísa tillögunni til afgreiðslu sveitarstjórnar.
- 10. Brekkubær. Kristín Árnadóttir og Einar H. Esrason hafa tekið gagntilboði að upphæð kr. 6.500.000 sem sveitarstjóri f.h. Húnaþings vestra gerði þeim vegna sölu á Brekkubæ á Boreyri. Sveitarstjóra falið að skrifa undir og ganga frá pappírur varðandi söluna.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Ragnar S. Helgason

---

Stefán E. Böðvarsson.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.